

Umhverfisstofna

Orkan vinnur stöðugt að því að draga úr umhverfisáhrifum sem rekstur félagsins kann að hafa í för með sér. Meðal annars með því að fylgjast með þróun og nýjungum í umhverfismálum og innleiða inn í reksturinn. Félagið hlítir lagalegum kröfum og reglugerðum er varða umhverfismál og gengur oft lengra. Orkan hefur einsett sér að vera í fararbroddi fyrirtækja á sviði umhverfismála hér á landi og vinnur markvisst í þá átt með eftirfarandi hætti:

- Að fylgja eftir stefnumótun og stjórnun umhverfismála í ljósi laga og reglna, starfshátta atvinnugreinarinnar, tækniþróunar, þarfa neytenda og væntinga almennings.
- Fylgjast með nýjungum í umhverfismálum og hafa frumkvæði að endurbótum á starfsháttum sem leiði til betri umhverfisverndar.
- Upplýsa starfsmenn og viðskiptavini um umhverfisstarf Orkunnar og efla samstarf sem getur dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Kappkosta að viðhafa stöðugar umbætur í umhverfismálum með mælingum og eftirfylgni þátta sem varða forvarnir gegn mengun.
- Flokka allan úrgang og senda til endurvinnslu. Orkan gerir flokkun aðgengilega fyrir starfsmenn.
- Nýta efni og orku skynsamlega.
- Auka aðgengi að umbúðarlausum lausnum.
- Auka notkun og framboð á umhverfisvænum vörum, þ.m.t. endurnýjanlegum orkugjöfum.

Samþykkt af stjórn Orkunnar IS ehf.
31. janúar 2024